



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

### ***Efni: Sameining frístundamiðstöðva***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. ágúst 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2021, auk tveggja fylgiskjala með yfirliti yfir fjölda íbúa, starfsmanna og fleira:

Lagt er til að frístundamiðstöðvarnar Ársel og Gufunesbær verði sameinaðar undir einni yfirstjórn. Eftir sameiningu verði í yfirstjórn einn framkvæmdastjóri ásamt fjármálastjóra, deildarstjóra barnastarfs og deildarstjóra unglíngastarfs. Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að undirbúa og framkvæma breytinguna með þeim hætti að hún komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2022 og að frá þeim tíma verði ein yfirstjórn. Lagt er til að skóla- og frístundasvið feli skrifstofustjóra frístundamála á fagskrifstofu að stýra sameiningarferlinu. Náíð samráð verði haft við stjórnendur frístundamiðstöðvanna og aðra þá aðila er málið varðar.

Greingargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða sameiningu á yfirstjórn til samræmis við nýja hverfaskiptingu og svæði þjónustumiðstöðva, sem er liður í innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn í allri borginni. Þær breytingar sem hér eru til umræðu snúa að yfirstjórn þjónustunnar í hverfinu. Þær munu ekki hafa áhrif á starfið á hverri starfsstöð eins og það snýr að börnum, foreldrum eða starfsfólki þeirra, en með því að sameina yfirstjórn næst bæði hagræði og einföldun.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að sameiningin verði ekki til þess að draga úr þeirri þjónustu sem frístunda- og félagsmiðstöðvunum er ætlað að veita börnum og foreldrum í hverfunum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur að ánægja er með frístundastarf en er ánægja með þessa sameiningu? Fram kemur að sameining hefur ekki verið borin undir notendur, foreldrahópin. Það var ekki talið nauðsynlegt að mati skóla- og frístundasviðs en kannski hefði mátt upplýsa notendur um þessa breytingu? Fulltrúi Flokks fólksins óskar þess að þetta verði farsælt. Gæta þarf vel að þjónustan skerðist ekki, aukist frekar og verði bara enn betri ef eitthvað er. Einnig þarf að huga að því að engin „týnist“ þegar eining er orðin svo stór sem raun ber vitni.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Greinargerð  
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 18. ágúst 2021  
Fjöldi starfsmanna og notenda

## Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Lagt er til að frístundamiðstöðvarnar Ársel og Gufunesbær verði sameinaðar undir einni yfirstjórn. Eftir sameiningu verði í yfirstjórn einn framkvæmdastjóri ásamt fjármálastjóra, deildarstjóra barnastarfs og deildarstjóra unglíngastarfs. Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að undirbúa og framkvæma breytinguna með þeim hætti að hún komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2022 og að frá þeim tíma verði ein yfirstjórn. Lagt er til að skóla- og frístundasvið feli skrifstofustjóra frístundamála á fagskrifstofu að stýra sameiningarferlinu. Náíð samráð verði haft við stjórnendur frístundamiðstöðvanna og aðra þá aðila er málið varðar.

### Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 og í borgarráði þann 10. júní 2021 var samþykkt að verkefnið Betri borg fyrir börn yrði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Einnig að leggja áherslu á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Einnig var samþykkt að borginni yrði skipt í fjögur þjónustuverfi: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti, þriðja í Grafarvogi, Árbæ og Grafarholti og það fjórða í Breiðholti. Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn um alla Reykjavík mun hefjast um áramót 2021/2022. Við þessa breytingu á þjónustuverfum þarf að sameina rekstur frístundamiðstöðvanna Ársels og Gufunesbæjar undir eina stjórn.

Með vísan til þess er fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2021, er faglegt starf þeirra frístundamiðstöðvanna afar gott og ríkir mikil ánægja hjá þjónustugegum og starfsfólki með starfið. Með sameiningu yfirstjórnar er ekkert sem bendir til að þjónustan verði lakari. Ef vel er að verki staðið getur faglegur ávinningur sameiningar orðið aukið flæði þekkingar, heildstæðari stefnumótun og þjónusta og aukið samstarf starfshópa sem vinna sambærileg störf. Frá 1. júní sl. hefur framkvæmdastjóri Gufunesbæjar stýrt rekstri beggja frístundamiðstöðvanna.

Hagræðing verður af sameiningu í launakostnaði vegna fækkunar um fjóra stjórnendur. Jafnframt má gera ráð fyrir að umrædd aðgerð auki samlegð í rekstri og þjónustu og því ljóst að breytingin leiðir til hagræðingar í rekstri frístundamiðstöðva um 61 milljón á ársgrundvelli en gert er ráð fyrir að hagræðingin verði nýtt í innleiðingu verkefnisins Betri borg fyrir börn.





## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

*Efni: Tillaga varðandi sameiningu frístundamiðstöðvanna Ársels og Gufunesbæjar.*

Á fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 og í borgarráði þann 10. júní 2021 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að verkefnið Betri borg fyrir börn verði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá er lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og ná samlegðaráhrifum m.a. á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs. Borginni verði skipt í fjögur þjónustuverfi: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Grafarvogi, Kjalarnesi, Árbæ og Grafarholti. Þjónustuverfin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti. Unnið er að mati á verkefninu Betri borg fyrir börn í Breiðholti og verða niðurstöður nýttar í skipulagi á verkefninu. Skipaður verði faghópur sem vinnur að undirbúningi verkefnisins, þ.m.t. verkaskiptingu á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Nánari tillögur að fyrirkomulagi verkefnisins ásamt kostnaðarmati verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð og velferðaráð eigi síðar en 1. október næstkomandi. Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn um alla Reykjavík hefjist um áramót 2021/2022.

Með vísan til þess að samþykkt var að gera breytingar á þjónustuverfum er lagt til að rekstur frístundamiðstöðvanna Ársels og Gufunesbæjar verði sameinaður undir eina stjórn.

Markmið þessarar aðgerðar er að sameina tvær frístundamiðstöðvar innan eins borgarhluta og að standa vörð um grunnþjónustu við börn og unglínga. Aðgerðin er fyrst og fremst hugsuð sem sameining á yfirstjórn frístundamiðstöðvanna tveggja og mun því ekki hafa áhrif á þjónustustig starfsstöðva félagsmiðstöðva og frístundaheimila.

Frístundamiðstöðvar eru starfræktar í hverjum borgarhluta og sjá þær um félags- og tómsundastarf sem hefur forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi í samræmi við *Starfskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs*. Frístundamiðstöðvar annast rekstur félagsmiðstöðva og frístundaheimila í borgarhlutunum auk fjölbreytts samstarfs við stofnanir, íbúa og félagasamtök í viðkomandi borgarhluta.

Minnisblaðinu er ætlað að lýsa í stuttu máli starfsemi, umfangi og rekstri frístundamiðstöðvanna tveggja.

## **Frístundamiðstöðin Ársel**

### **Starfsemin og sérstaða**

Frístundamiðstöðin Ársel var stofnuð árið 2004. Félagsmiðstöðin Ársel var stofnuð árið 1981 en við endurskipulagningu árið 2004 var Árseli breytt í frístundamiðstöð en félagsmiðstöðin í Árbænum fékk nafnið Tían. Staðsetning Ársels er við Rofabæ 30 í Árbæ. Vettvangur starfseminnar er frítími allra íbúa, en megináhersla er lögð á barna- og unglingastarf. Frístundamiðstöðin býður upp á fjölbreytta og heildstæða frístundaiðju fyrir íbúa Árbæjar, Grafarholts, Úlfarsárdals og Norðlingaholts og vinnur að því að efla og bæta aðstöðu til frístundaiðkunar í borgarhlutanum. Frístundamiðstöðin virkjar aðila til að vinna saman að verkefnum sem snúa að hverfahátíðum og öðrum viðburðum/verkefnum sem tengjast hverfisbúum og samstarfsaðilum í hverfinu. Mikil áhersla er lögð á að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf en Ársel hefur m.a. umsjón með þremur félagsmiðstöðvum í hverfunum, Tíunni við Rofabæ (sem þjónustar nemendur í Árbæjarskóla, Selásskóla og Ártúnsskóla), Fókus við Kirkjustétt (sem þjónustar nemendur við Ingunnarskóla, Dalskóla og Sæmundarskóla) og Holtinu við Norðlingabraut (sem þjónustar nemendur við Norðlingaskóla). Einnig rekur Ársel fjögur frístundaheimili sem eru Töfrasel við Árbæjarskóla, Víðisel við Selásskóla, Stjórnuland við Ingunnarskóla og Fjósið við Sæmundarskóla. Auk þessara fjögurra frístundaheimila eru þrjú rekin af grunnskólum í hverfunum þ.e. Klapparholt í Norðlingaholti (Norðlingaskóli), Skólasel í Ártúnsholti (Ártúnsskóla) og Úlfabyggð í Úlfarsárdal (Dalskóla). Í Árseli starfa um 140 starfsmenn.

Í hverfinu er gott samstarf milli stofnana skóla- og frístundasviðs auk þjónustumiðstöðvarinnar. Helstu samstarfsaðilar Ársels, auk starfsstaða innan samráðsvettvangs skóla- og frístundasviðs, eru þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, íþróttafélögin Fylkir og Fram, skátafélagið Árbúar og önnur frjáls félagasamtök í Árbæ og Grafarholti.

Í borgarhlutanum er starfandi öflugt Ungmennaráð og er starfsfólk Ársels þeim innan handar.

Framkvæmdastjóri Ársels lét af störfum þann 1. júní s.l. og var ekki ráðið í hans stað. Framkvæmdastjóri Gufunesbæjar hefur annast rekstur Ársels frá þeim tíma.

### **Húsnæðismál**

Skrifstofa Ársels, félagsmiðstöðin Tían og frístundaheimilið Töfrasel er til húsa í Rofabæ 30. Húsnæðið er um 1.100 fm að stærð og leigt af Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar. Húsnæðið er sérhannað og byggt sérstaklega fyrir frístundastarf. Árleg innri leiga sem greidd er til Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar er um 32 m.kr á ári.

## **Frístundamiðstöðin Gufunesbær**

### **Starfsemin og sérstaða**

Frístundamiðstöðin Gufunesbær býður börnum og unglingum í Grafarvogi upp á fjölbreytt félags- og tómstundastarf þar sem áhersla er lögð á forvarnir og að beina þeim inn á braut heilbrigðs og jákvæðs lífarnis. Vettvangur starfseminnar er frítími allra íbúa, en megináherslan er lögð á barna- og unglingastarf. Frístundamiðstöðin býður upp á fjölbreytta og heildstæða frístundaiðju fyrir íbúa Grafarvogs og vinnur að því að efla og bæta aðstöðu til frístundaiðkunar í borgarhlutanum. Frístundamiðstöðin virkjar aðila til að vinna saman að verkefnum sem snúa að hverfahátíðum og öðrum viðburðum/verkefnum sem tengjast hverfisbúum og samstarfsaðilum í hverfinu. Í Gufunesbæ starfa um 160 manns, fólk á öllum aldri, með fjölbreytta menntun og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum auk reksturs Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ)

Frístundamiðstöðin Gufunesbær hefur umsjón með sex frístundaheimilum sem eru Tígrisbær við Rimaskóla, Brosbær við Engjaskóla, Simbað sæfari við Hamraskóla, Regnbogaland við Foldaskóla, Kastali við Húsaskóla og Hvergiland við Borgaskóla. Markhópur frístundaheimilanna eru börn á aldrinum 6-9 ára.

Frístundamiðstöðin Gufunesbær starfrækir félagsmiðstöðina Fjörgyn í Foldaskóla (þjónustar einnig nemendur í 5. – 7. bekk Húsaskóla og Hamraskóla), Vígyn í Víkurskóla (þjónustar einnig nemendur í 5. – 7. bekk Borgaskóla og Engjaskóla) og Sigyn í Rimaskóla. Gufunesbær rekur einnig Höllina sem er félagsmiðstöð fyrir börn og unglunga með fötlun og er staðsett í Egilshöll. Markhópur félagsmiðstöðvanna eru börn og unglingar á aldrinum 10-16 ára.

Í Grafarvogi er öflugt Ungmennráð og eru starfsmenn Gufunesbæjar þeim innan handar.

Í hverfinu er starfrækt Vogin, sem er samstarfsvettvangur allra starfsstaða skóla- og frístundasviðs innan borgarhlutans þ.e. frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, grunnskólar og leikskólar. Helstu samstarfsaðilar Gufunesbæjar eru, auk starfsstaða innan Vogarinnar, þjónustumiðstöðin Miðgarður, Ungmennafélagið Fjölnir, Skátafélagið Vogabúar og helstu frjálsu félagasamtök í Grafarvogi.

Frístundamiðstöðin Gufunesbær annast rekstur Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ) sem er miðlæg þekkingarstöð á sviði útivistar og útináms fyrir skóla- og frístundarstarf í Reykjavík. MÚÚ tileinkar krafta sína öllum skólum og frístundastarfsstöðum Reykjavíkurborgar; grunnskólum, leikskólum, frístundarheimilum og félagsmiðstöðvum og býður upp á valkosti fyrir alla aldurshópa til að stunda fjölbreytta útivist og frístundaiðkun, árið umkring.

Hlutverk MÚÚ er að veita stuðning og ráðgjöf við eflingu útivistar og útináms í nærumhverfi barna og unglunga í hverfum borgarinnar.

- Að efla og styrkja þekkingu starfsfólks hjá SFS í útinámi, útivist og sjálfbærni.
- Að ýta undir og styðja við útinám og útivist í degi barnsins.
- Að gera framkvæmd útináms og útivistar auðveldari.
- Að halda utan um miðlæg verkefni SFS sem tengjast útivist og útinámi.

Gufunesbær rekur Hlöðuna sem er fjölnota salur sem tilheyrir starfsemi frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar. Salurinn nýtist í allri starfsemi Gufunesbæjar. Hvort heldur er fyrir viðburði barna og unglunga í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum Gufunesbæjar eða fyrir fundi, starfsdaga og fræðslu fyrir starfsfólk Gufunesbæjar. Hlaðan er einnig nýtt af öðrum stofnunum Reykjavíkurborgar fyrir margskonar viðburði enda hefur góð aðstaða og notalegt andrúmsloft í sveitinni í Reykjavík gert Hlöðuna að mjög vinsælum valkosti.

Frístundagarður við Gufunesbæ er fjölbreytt leiksvæði fyrir íbúa borgarinnar og nýta starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs aðstöðuna í starfsemi sinni jafnt sumar sem vetur.

### **Húsnæðismál**

Skrifstofa Gufunesbæjar og aðstaða MÚÚ er til húsa við Gufunesveg. Húsnæðið er um 370 m<sup>2</sup>, að stærð og leigt af Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar, þar af Hlaðan 210 m<sup>2</sup> og gámar sem er tímabundið húsnæði alls 160 m<sup>2</sup>. Húsnæðið, skrifstofuaðstaða, Hlaðan og útisvæðið er nýtt af starfsmönnum SFS og stofnunum borgarinnar auk þess sem almenningur sækir mikið í útiaðstöðuna. Árleg innri leiga sem greidd er til Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar er um 16 m.kr á ári.

## **Fjárhagsleg áhrif**

Með sameiningu verður hagræðing í launakostnaði vegna fækkunar um fjóra stjórnendur, þ.e. framkvæmdastjóri er einn í stað tveggja, einn deildarstjóri unglíngastarfs í stað tveggja, einn deildarstjóri barnstarfs í stað tveggja og einn fjármálastjóri í stað tveggja og gera má ráð fyrir að hagræðingu um 61 milljón króna á ársgrundvelli. Ekki verður um hagræðingu í húsnæði frístundamiðstöðvanna að ræða þar sem önnur starfsemi fer þar fram einnig s.s. MÚÚ, Tían og Töfrasel.

## **Lokaorð**

Faglegt starf frístundamiðstöðvanna er afar gott og ríkir mikil ánægja hjá þjónustugegum og starfsfólki með starfið. Ekkert bendir til þess að með sameiningu yfirstjórnar verði þjónustan lakari. Ef vel er að verki staðið getur faglegur ávinningur sameiningar orðið aukið flæði þekkingar, heildstæðari stefnumótun og þjónusta og aukið samstarf starfshópa sem vinna sambærileg störf.

Lagt er til að sameining yfirstjórnar Ársels og Gufunesbæjar komi til framkvæmda 1. janúar 2022.

Hjálagt:

Fylgiskjal 1; yfirlit yfir fjölda íbúa, starfsmanna ofl.



Fylgiskjal 2; kort með yfirliti yfir fjölda íbúa, starfsmanna ofl.

**Fylgiskjal 1** - með minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2021.

Hér má sjá samantekt yfir fjölda íbúa, starfsmanna o.fl. miðað við skiptingu borgarinnar í 4 borgarhluta. Nýr borgarhluti sinnir þjónustu við íbúa Árbæjar, Grafarholts, Norðlingaholts, Grafarvogs, Úlfarsárdal og Kjalarness. Fjöldi íbúa í borgarhlutanum yrdi rúmlega 38 þúsund þar af rúmlega 5.200 börn á grunnskólaaldri. Fjöldi frístundaheimila sem heyra undir sameinaða frístundamiðstöð væru 14, fjöldi félagsmiðstöðva 10 og fjöldi starfsmanna tæplega 300.

**Frístundamiðstöðin Tjörnin:**

Hverfi 1	Sviðsmynd 2 Spá 2030	
Fjöldi starfsmanna	236	
Fjöldi frístundaheimila	7	
Notendur frístundaheimila	992	1.200
Fjöldi félagsmiðstöðva	5	
Notendur félagsmiðstöðva	2.251	
5 ára og yngri	2.242	
6-9 ára	1.476	
10-12 ára	1.159	
13-15 ára	1.092	
16 ára og eldri	33.257	
Óljóst	7	
Samtals íbúafjöldi í borgarhluta	39.233	
Fjöldi grunnskóla	7	
Fjöldi leikskóla	17	

**Frístundamiðstöðin Kringlumýri:**

Hverfi 2	Sviðsmynd 2 Spá 2030	
Fjöldi starfsmanna	403	
Fjöldi frístundaheimila	9	
Notendur frístundaheimila	1.125	1.226
Fjöldi félagsmiðstöðva	6	
Notendur félagsmiðstöðva	2.406	
5 ára og yngri	2.001	
6-9 ára	1.537	
10-12 ára	1.227	
13-15 ára	1.179	
16 ára og eldri	26.835	
Óljóst	6	
Samtals íbúafjöldi í borgarhluta	32.785	
Fjöldi grunnskóla	8	
Fjöldi leikskóla	15	

**Frístundamiðstöðin Miðberg:**

Hverfi 3	Sviðsmynd 2	Spá 2030
Fjöldi starfsmanna	175	
Fjöldi frístundaheimila	6	
Notendur frístundaheimila	617	673
Fjöldi félagsmiðstöðva	4	
Notendur félagsmiðstöðva	1.614	
5 ára og yngri	1.274	
6-9 ára	1.013	
10-12 ára	822	
13-15 ára	792	
16 ára og eldri	18.270	
Óljóst	6	
Samtals íbúafjöldi í borgarhluta	22.177	
Fjöldi grunnskóla		5
Fjöldi leikskóla		7

### Frístundamiðstöðin Gufunesbær/Ársel:

Hverfi 4	Sviðsmynd 2	Spá 2030
Fjöldi starfsmanna	297	
Fjöldi frístundaheimila	14	
Notendur frístundaheimila	1.454	1.574
Fjöldi félagsmiðstöðva	10	
Notendur félagsmiðstöðva	3.229	
5 ára og yngri	2.329	
6-9 ára	1.985	
10-12 ára	1.661	
13-15 ára	1.568	
16 ára og eldri	30.653	
Óljóst	7	
Samtals íbúafjöldi í borgarhluta	38.203	
Fjöldi grunnskóla		14
Fjöldi leikskóla		18



Hverfi 2	Sviðsmynd 2 Spá 2030
Fjöldi starfsmanna	403
Fjöldi fristundaheimila	9
Notendur fristundaheimila	1.125
Fjöldi félagsmiðstöðva	6
Notendur félagsmiðstöðva	2.406
5 ára og yngri	2.001
6-9 ára	1.537
10-12 ára	1.227
13-15 ára	1.179
16 ára og eldri	26.835
Óljóst	6
<b>Samtals íbúafjöldi í borgarhluta</b>	<b>32.785</b>
Fjöldi grunnskóla	8
Fjöldi leikskóla	15


Hverfi 3	Sviðsmynd 2 Spá 2030
Fjöldi starfsmanna	175
Fjöldi fristundaheimila	6
Notendur fristundaheimila	617
Óljóst	673

Hverfi 1	Sviðsmynd 2 Spá 2030
Fjöldi starfsmanna	236
Fjöldi fristundaheimila	7
Notendur fristundaheimila	992
Fjöldi félagsmiðstöðva	5
Notendur félagsmiðstöðva	2.251
5 ára og yngri	2.242
6-9 ára	1.476
10-12 ára	1.159
13-15 ára	1.092
16 ára og eldri	33.257
Óljóst	7
<b>Samtals íbúafjöldi í borgarhluta</b>	<b>39.233</b>
Fjöldi grunnskóla	7
Fjöldi leikskóla	17

Hverfi 2	Sviðsmynd 2 Spá 2030
Fjöldi starfsmanna	175
Fjöldi fristundaheimila	6
Notendur fristundaheimila	617
Óljóst	673

Hverfi 3	Sviðsmynd 2 Spá 2030
Fjöldi starfsmanna	175
Fjöldi fristundaheimila	6
Notendur fristundaheimila	617
Óljóst	673

Hverfi 1	Sviðsmynd 2 Spá 2030
Fjöldi starfsmanna	236
Fjöldi fristundaheimila	7
Notendur fristundaheimila	992
Fjöldi félagsmiðstöðva	5
Notendur félagsmiðstöðva	2.251
5 ára og yngri	2.242
6-9 ára	1.476
10-12 ára	1.159
13-15 ára	1.092
16 ára og eldri	33.257
Óljóst	7
<b>Samtals íbúafjöldi í borgarhluta</b>	<b>39.233</b>
Fjöldi grunnskóla	7
Fjöldi leikskóla	17



**Garðabær**

